

Skólaráðsfundur 28. feb. 2013 kl. 15.

Fundur settur kl. 15:00 á bókasafninu.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri
Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri, Helga Guðjónsdóttir fulltrúa starfsmanna, Elísabet Jónsdóttir fulltrúi kennara, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra, Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins, Hreiðar Örn Zoega Stefánsson fulltrúi foreldra og Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara.

Ari Páll Karlsson formaður nemendaráðs, Móey Pála Rúnarsdóttir fulltrúi nemanda mættu ekki né boðuðu forföll.

Dagskrá fundarins:

1. Starfsáætlun 2013 – 2014 (sjá viðhengi)

JM kynnti starfsáætlun skólans. Pétur spurði út í lið á bls. 16 hvort ekki væri hægt að nefna Aftureldingu undir liðnum „að Lágafellsskóli stuðli að aukinni þátttöku nemanda í íþróttum og tómstundastarf“. Umræður spunnust um málið og enn einu sinni var rætt um hvort að ekki væri hægt að hausti að gefa út bækling þar sem allar íþróttir og tómstundir sem hægt er að stunda í bænum þar sem öllum væri gert jafnt undir höfði. Einnig spurði Pétur út í mótuneyti og hvort að ekki væri of mikið af unnum mat þar. Farið er eftir öllum þeim viðmiðum sem eru gerð til matseðilsgerðar.

2. Skóladagatal 2013 – 2014 tekið til annarrar umræðu

Breytingar ræddar. Athuga betur hvort að eigi að víxla röðun á starfsdegi og foreldraviðtalsdegi sem eru í okt.

3. Niðurstöður eineltiskönnunar kynntar

Kannanir fyrir 5.-10. bekk kynnar og svo 1.-4. bekk. Eineltistölur hafa lækkað síðan í fyrra. Vangaveltur eru uppi hvort að eineltishugtakið sé notað of snemma hjá þeim yngri og hvert ekki sé réttara að spyrja „Hefur þér verið strítt?“ „Hefur þú verið uppnefndur?“

4. Nemendakönnun

Var tekin í morgun hjá 5.-10. bekk.

5. Fréttir frá nemendafélagi

Íþróttahátíð og árshátíð unglinga verður 19. mars.

6. Önnur mál

Myndavélar á skólalóð. Hreiðar tók upp umræðu sem var gangi fyrir nokkrum ár um að setja myndavélar á skólalóðina sem gæti nýst sundlauginni líka. JM búin að tala við Þorgeir um þetta og hann hefur athugað málið og telur að 16 stk þyrfti. Skólaráð leggur áherslu á það að þetta verði gert sem allra fyrst.

Þakkir fyrir árshátíð í 7. bekk sem bekkjarfulltrúar stóðu fyrir.

Skólahugmyndir fyrir næsta haust sem kynntar voru m.a. í síðasta Mosfellingi ræddar.